

Kirkjuþing 2025-2026

15. mál - þskj. 15a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar, nr. 52/2022-2023.

Flm. Bryndís Malla Elídóttir.

1. gr.

Í 1. gr. starfsreglnanna falli brott orðin „ámælisverða og/eða refsiverða háttsemi“.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Starfsreglur um meðferð mála og aðgerðir er varðar einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi innan þjóðkirkjunnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2018. Þá var miðað við mál er féllu undir EKKO skilgreininguna.

Á kirkjuþingi 2022-2023 var reglunum breytt og þeim orðum bætt við sem nú er lagt til að felld verði á brott.

Flutningsmenn telja rétt að EKKO skilgreiningin sé áfram lögð til grundvallar en fallið sé frá síðari viðbót sem þeir telja vera of víða og geti kallað á huglægt mat.